

Alþingi
Erindi nr. P 133/640
komudagur 12.12.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstæti 8-10
150 Reykjavík
B.t. Menntamálasvið Alþingis



Reykjavík, 11. desember 2006.

**Varðandi umsögn um frumvarp til laga um Náttúrminjasafn Íslands, 281 mál,
heildarlög.**

Stjórn FÍSOS hefur fjallað um frumvarpið og gerir athugasemd við 2. gr. aðra málsgrein þar sem segir: „Náttúrminjasafnið safnar, skráir og varðveitir sýningarmuni.“ Félag íslenskra safna og safnmanna leggur til að orðið „sýningarmuni“ verði fellt út. Þess í stað komi orðið „safnmuni“.

Rökstuðningur:

Frá sjónarhóli safna og safnmanna eru allir munir sem á söfn eru skráðir, flokkaðir sem safnmunir og er ekki gerður greinarmunur á því hvort skráðir safnmunir eru nýttir til sýninga eða rannsókna innan safna.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Félags íslenskra safna og safnmanna

Karl Rúnar Þórssón
formaður